

Ed.

257. Nefndarátt

í málinu: Frumvarp til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrar-hrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (þingskj. 141).

Frumvarp þetta er borið fram í neðri deild af þingmanna hálfu. Var það athugað þar í nefnd og samþykkt óbreytt, enda er það samhljóða tvennum lögum, frá 1909 og 1913, um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar-kaupstaðar.

Vjer, sem háttvirt efri deild hefir kosið í nefnd til að athuga frumvarpið, erum háttvirtri neðri deild samdóma um, að málið eigi fram að ganga á þessu þingi. En oss virðist rjett að taka upp í frumvarpið ákvæði um, að báðir málsaðiljar eigi kost á að fá yfirmat, ef þeir eru óánægðir með mat hinna dómkvöddu manna. Að visu eru engin slik ákvæði í tvennum áminstum lögum fyrir Ísafjarðarkaupstað, og er orsökina að líkindum, að þá hefir verið litið svo á, að þennan rjett hafi málsaðiljar samkvæmt almennum löggjafarreglum. En þar sem nokkur vafi getur verið á, að svo sje, virðist oss rjett og öruggast að taka þetta fram með berum orðum í frumvarpinu, enda eru samskonar ákvæði tekin upp í hafnarlög fyrir Reykjavíkurkaupstað 11. júlí 1911 og hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar 10. nóv. 1913.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Aftan við greinina bælist ný málsgrein:

Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimitað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið.

Alþingi 25. júlí 1914.

J. Havsteen,
formaður.

Steingrímur Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

Karl Finnbogason.